

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, fimmtudaginn 10. júlí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 4/2025:

Knattspyrnudeild Keflavíkur
gegn
Knattspyrnudeild Aftureldingar

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Keflavíkur

Kærði:

Knattspyrnudeild Aftureldingar

Skrifstofu KSÍ barst kæra frá kæranda þann 25. júní sl. Kærða var veittur 7 daga frestur til að skila greinargerð og frekari gögnum með bréfi, dags. 26. júní sl. Greinargerð barst frá kærða þann 3. júlí.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum úr leik Aftureldingar gegn Keflavík í 3. flokki karla, B-riðli, lotu 2, sem fram fór kl. 20:00 þann 24. júní sl, verði breytt og að Keflavík verði úrskurðaður 0-3 sigur.

Kærði gerir engar kröfur í greinargerð sinni.

III.

Málsatvik:

Málið varðar þátttöku leikmanns Aftureldingar í leik 3. flokks karla eftir að hafa leikið heilan leik með 2. flokki sama dag. Samkvæmt kæru er annars vegar vísað til leikskýrslu úr leik Keflavíkur/Reynis/Hafna gegn Aftureldingu/Hvíta Riddaranum/Álafoss sem fram fór kl. 18:00 í 2. flokki karla, B-deild, lotu 2 kl. 18:00 þann 24. júní sl. og hins vegar leikskýrslu úr leik Aftureldingar gegn Keflavík sem fram fór kl. 20:00 sama dag í 3. flokki karla, B-riðli, lotu 2.

Þar kemur fram að Róbert Agnar Daðason er í byrjunarliði liðs Aftureldingar/Hvíta riddarans/Álafoss í 2. flokki karla kl. 18:00 og kemur síðan inn á sem varamaður á 48. mínútu í leik Aftureldingar gegn Keflavík í 3. flokki karla sem hófst kl. 20:00 sama dag. Þessu er ekki mótmælt í greinargerð kærða og málsatvik hvað þátttöku leikmannsins í þessum tveimur leikjum því óumdeild.

IV.

Málsástæður kærða:

Líkt og að framan greinir gerir kærði ekki neinar kröfur í greinargerð sinni en gerir grein fyrir því sem átti sér stað. Samkvæmt greinargerð kærða voru þjálfarar ekki meðvitaðir um að þátttaka leikmanns í tveimur leikum með mismunandi flokkum færi gegn reglum KSÍ og töldu að slíkt væri heimilt. Kærði vísar til leikja annarra félaga sem þjálfarar liðsins vissu af þar sem leikmenn virðast hafa tekið þátt í tveimur leikjum sama dag og þess að þjálfarar kærða hafi haft ástæðu til að ætla að þetta væri innan ramma reglugerða KSÍ.

Kærði kveðst engu að síður líta málið alvarlegum augum og segir það á ábyrgð þjálfara og stjórnenda að tryggja að ungir iðkendur séu ekki settir í vafasamar eða óljósar stöður sem geti haft áhrif á framkvæmd leikja og líðan iðkenda. Félagið ítrekar að þjálfari hafði engan ásetning til þess að brjóta reglur og kveður hann biðjast afsökunar ef aðstæður hafi leitt til brots á reglum KSÍ. Félagið kveðst ætla að efla fræðslu og skilning á reglum um leikheimheild og þátttöku leikmanna innan félagsins og setja skýrari verkferla sem koma í veg fyrir að aðstæður sem þessar skapist.

IV. Niðurstaða:

Í máli þessu kemur til skoðunar hvort kærði hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði í leik Aftureldingar gegn Keflavík í 3. flokki karla sem fram fór kl. 20:00 þann 24. júní sl. í B-riðli, lotu 2. Kærði hefur ekki mótmælt því að leikmaðurinn sem um ræðir hafi verið í byrjunarliði 2. flokks félagsins fyrir þennan sama dag og í kjölfarið komið inn á sem varamaður í umræddum leik. Leiksskýrslur frá þessum tveimur leikjum staðfesta jafnframt þátttöku leikmannsins í báðum leikjum líkt og að framan greinir.

Samkvæmt gr. 7.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót má enginn leikmaður taka þátt í nema einum kappleik sama daginn, nema leikjum hafi verið raðað þannig niður, t.d. í úrslitakeppni og þá í einum og sama aldursflokki. Þá segir enn fremur í gr. 7.5.3 að leikmönnum í 2. og 3. aldursflokki sé óheimilt að leika með tveimur eða fleiri liðum sama dag þó með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik í leik liðs ofar í keppnisröð er heimilt að leika með liði neðar í keppnistöð í næsta leik þar á eftir.

Í máli þessu liggur fyrir að leikmaður Aftureldingar var í byrjunarliði 2. flokks og spilaði þar 90 mínútur áður en hann kom inn á í leik 3. flokks sem hófst aðeins tveimur klukkustundum eftir að fyrri leikur hófst. Þessi framkvæmd gengur gegn framangreindum reglum og tefldi kærði því fram ólöglega skipuðu liði í síðarnefnda leiknum. Með vísan til framangreinds verður að taka kröfu kæranda til greina og úrskurða kæranda 0-3 sigur í umræddum leik, sbr. gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Þá er jafnframt skylt samkvæmt gr. 36.1 að úrskurða kærða til greiðslu sektar og er lágmark hennar kr. 75.000,-. Með vísan til greinargerðar kærða telur aga- og úrskurðarnefnd ekki ástæðu til að hækka sekt kærða.

V. Úrskurðarorð:

Úrslitum úr leik Aftureldingar gegn Keflavík sem fram fór í 3. flokki karla, B-riðli, lotu 2, kl. 20:00 þann 24. júní sl., er breytt og Keflavík úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, Afturelding, skal greiða kr. 75.000,- í sekt til KSÍ.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttarábrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfskrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.